

Frá ritstjórum

Fjórða árið í röð koma út tvö hefti að ritinu *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Bæði hefti ársins koma út í desember. Sérheftið er helgað orðasambandafræði/fraseólogíu. Gestaritstjórar eru Erla Erlendsdóttir og Oddný Guðrún Sverrisdóttir. Sérhefti næsta árs verður helgað leikritaþýðingum, þar sem Ásdís Rósa Magnúsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir verða gestaritstjórar. Fjallað var um leikrita þýðingar á málþingi 1. des. sl. og líklegt að afrakstur málþingsins birtist í sérhefti næsta árs að einhverju eða verulegu leyti.

Heftið sem hér birtist er annað hefti 17. árgangs. Að venju kennir ýmissa grasa. Að þessu sinni birtum við fjórar ritrýndar greinar um þýðingar, að tala með hreim, orðaforða sem á sér uppruna í frumbyggjamálum og tungumálið ladino og sambúð þess með hebresku. Þá birtum við þýðingar úr frönsku og spænsku á íslensku og þýðingu úr íslensku á spænsku, auk umsagnar um þýðingu ljóða úr fornsænsku yfir á finnsku

Aðeins ein grein er rituð á íslensku. Unnur Bjarnadóttir fjallar um rithátt og eðli þýðinga og þar með sögu þýðinga í Japan. Fátt hefur verið skrifað um eðli þess að þýða milli tungumála sem nota ritmál eins og við þekkjum og tungumála sem rituð er með táknum eða myndmáli svo sem fjölmennar þjóðir líkt og Japanir og Kínverjar gera.

Stefanie Bade og Piergiorgio Conasagra skrifa á ensku um rannsókn sem þau gerðu á viðhorfi nemenda í íslensku sem öðru máli til kennara sem tala (íslensku) með hreim. Nemendum í íslensku sem öðru máli hefur fjölgað mjög undanfarin ár og einnig kennurum í sömu grein sem hafa annað móðurmál en íslensku. Engin sambærileg rannsókn hefur þó verið gerð hérlendis. Talsvert hefur hins vegar verið fjallað um það á vettvangi dagsins hver viðhorf

móðurmálshafa í íslensku eru til þess að skilja og samþykkja málhafa sem tala með (erlendum) hreim. Stefanie hefur skrifað doktorsritgerð um það efni og greinin sem hér er birt er afrakstur áframhaldandi rannsókna á því sviði.

Þá eru tvær greinar skrifaðar á spænsku, önnur eftir Erlu Erlendsdóttur og fjallar um danskan fræðimann sem safnaði orðum úr frumbyggjamálum Suður-Ameríku, þ.á. m. orðum sem hlotið hafa alþjóðlega útbreiðslu. Sum þeirra eiga sinn sess í íslensku sem tökuorð og eru notuð í daglegu máli án þess að við gerum okkur endilega grein fyrir því – eða hugsum mikið út í það.

Juan David Hernández Rodríguez fjallar um afstöðu rannsóknarhóps til notkunar tungumálsins ladino og til málnotenda þess í samanburði við hebresku í Ísrael. Sambúð þessara mála í Ísrael hefur lítið verið könnuð en rannsóknin tók einkum til móðurmálshafa ladino, sem annaðhvort voru frá bernsku tvítyngdir á ladino og hebresku eða höfðu ladino sem fyrsta mál. Fer þeim hópi ört fækkandi og eru raunar engir eintyngdir ladino-mælendur eftir. Rannsóknin leiddi í ljós tvo þætti sem höfðu áhrif á viðhorf til málsins, annan málfræðilegan en hinn félagslegan.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir fjallar stuttlega um franska rithöfundinn Honoré de Balzac og birt er þýðing hennar á bréfi Balzac til herra Charlex de Bernard du Grail úr öðrum hluta ritsafns Balzacs frá 1830. Bréfið fjallar um myndhöggvarann Sarrasine, sem í Rómarferð sinni heillast af yngismeynni Zambinellu en ekki er allt sem sýnist. Hjá Sarrasine reynist eitthvað brothætt sem enn er víða brothætt tæplega tvöhundruð árum síðar.

Hólmfríður Garðarsdóttir fjallar um argentínska rithöfundinn, blaðamanninn og menningarfrömuðinn Cristina Civalé og feril hennar. Hún hefur vakið athygli vegna hispurslausra frásagna af lífi örvæntingafullra kvenna á barmi taugaáfalls. Hér birtist þýðing á tveimur slíkum smásögum; *Gin* og *Gin & tonic*.

Ana Belén Fernández Organista fjallar á spænsku um Ástu Sigurðardóttur, lífshlaup hennar og höfundaferil sem hvort tveggja vakti mikla athygli í Reykjavík samtímans. Hér birtist þýðing Ana Belén á smásögunni *Kóngaliljur* eftir Ástu, sem á spænsku kallast *Liros reales*.

Loks er umfjöllun Óskars Vistdal um finnska þýðingu Harrys Lönnroth á hinum fornsænsku *Eyfmíuljóðum* sem bárust til Norðurlanda í upphafi 14. aldar ásamt riddaraljóðum og sögum Arthúrs konungs og riddara hringborðsins. Þykir Lönnroth hafa tekist afar vel upp við þýðinguna og um leið auðgað erlendan sagnasjóð Finna verulega.

Ritstjórar vilja koma á framfæri þökkum fyrir ánægjulegt samstarf til höfunda, prófarkalesara og annarra sem hafa gert útgáfuna mögulega. Jessica Murphy, Sigríður Harðardóttir, Simón Noriega-Olmos og Gunnhildur Jónatansdóttir lásu prófarkir, Valgerður Jónasdóttir annaðist umbrot. Öll eiga þakkir skildar. Enn fremur ber að þakka ónafngreindum ritrýnum tímaritsins fyrir framlag sitt. Útgáfa *Milli mála* er sem fyrr styrkt af Styrktarsjóði Vigdísar Finnbogadóttur.

Geir Þórarinn Þórarinsson
Þórbildur Oddsdóttir